



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Með kínverskum einkennum

*Íslendingar í Kína á öndverðri 20. öld
og viðhorf þeirra til kristniboðs*

Ritgerð til BA í kínverskum fræðum

Stefán Ólafsson

Mái 2012

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Kínversk fræði

Með kínverskum einkennum

*Íslendingar í Kína á öndverðri 20. öld
og viðhorf þeirra til kristniboðs*

Ritgerð til BA í kínverskum fræðum

Stefán Ólafsson

Kt.: 260985-2729

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

Mái 2012

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um tvo Íslendinga sem bjuggu í Kína á fyrri hluta 20. aldar, þau Oddnýju Erlendsdóttur Sen, kennara, og Ólaf Ólafsson, trúboða. Saga þeirra í Kína er hér rakin og reynsla þeirra sett í samhengi við sögu kínversks samfélags þess tíma. Þau skrifuðu bækur sem byggja á reynslu þeirra þar eystra, Ólafur *14. ár í Kína* og Oddný *Kína: Æfintýralandið*, og eru þær svo notaðar til þess að draga fram viðhorf þeirra til kínversks samfélags. Viðhorf Vesturlanda til Kína má flokka í tvo hópa: annars vegar þeir sem telja að Kínverjar ættu að horfa til menningar Vesturveldanna til þess að byggja samfélag sitt, og hins vegar þeir sem sækjast eftir því að skilja Kína á eigin forsendum og telja að Kína eigi að halda sínum einkennum og byggja samfélagið á eigin menningararfi. Segja má að Ólafur og Oddný séu hvort um sig fulltrúar þessara andstæðu viðhorfa. Sem fræðimaður leitaðist Oddný við að öðlast þekkingar á framandi samfélagi og viðhorf hennar svipaði til þess síðarnefnda, en sem kristnitrúboði var Ólafur sannfærður um að það þyrfti að bjarga Kína, snúa Kínverjum til kristni svo samfélagið gæti orðið betra og þannig fellur viðhorf hans að því fyrrnefnda. Því næst er rakin saga kristni og kristnitrúboðs í Kína, í grófum dráttum frá árinu 635 fram á okkar daga. Tilgangur þess er að skoða hvort kínverskt samfélag taki almennt hreint upp hugmyndafræði sem til þess berst, eða hvort algengara sé að samfélagið felli þær að ríkum menningarheimi landsins og þannig verði utanaðkomandi hugmyndafræði í Kína jafnan með kínverskum einkennum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Sögulegt samhengi.....	5
3.0 Persónur	11
3.1 Ólafur Ólafsson.....	12
3.1.1 14 ár í Kína	13
3.2 Oddný Erlendsdóttir Sen.....	22
3.2.1 Ævintýralandið	26
4. Kristni í Kína	29
5. Niðurlag.....	37

1. Inngangur

Tveir Íslendingar voru brautryðjendur í menningarsamskiptum Íslands og Kína vegna búsetu þeirra í Kína á fyrri hluta 20. aldar. Það voru þau Ólafur Ólafsson og Oddný Erlendsdóttir Sen. Sérstaða þeirra á meðal Íslendinga er sú að þau dvöldu bæði um langt skeið í Kína og miðluðu reynslu sinni af þeirri dvöl til samlanda sinna. Þar sem menningarleg samskipti á milli þjóðanna höfðu verið lítil sem engin fyrir komu þeirra til Kína, má segja að reynslumiðlun þeirra hafi verið einstök og marki fyrstu sporin í beinum samskiptum Íslendinga við Kínverja. Menningarmunur þjóðanna tveggja, og þar af leiðandi samfélagsmunur, er mikill. Nánast allir menningarlegir grundvallarþættir þjóðanna, svo sem trúarbrögð, heimspeki, stjórnunarhætti, tungumál, sögu og bókmenntir eru afar frábrugðnir. Í menningarheimum þar sem þessi atriði eru svo ólík, hlýtur samfélagsgerð þeirra á hverjum tíma að vera öðruvísi líka. Af reynslu Ólafs og Oddnýjar að dæma er þetta staðreynd. Við hvert fót mál voru menningarlegir árekstrar sem þurfti að takast á við með þeim hætti sem bestur þótti hverju sinni. Sérstaða Oddnýjar í þessu samhengi er að hún sökkta sér í þekkingaröflun um Kína og menningu þess í þeim tilgangi að aðlagast samfélaginu. Hún hafði alla tíð viljað afla sér þekkingar fyrir þekkingar sakir, að læra til þess að læra, og var þess vegna *filósóf* í upprunalegri merkingu orðsins. Störf Ólafs hins vegar byggðu á þeim grundvelli að breyta þyrfti menningarundirstöðum kínversks samfélags svo það gæti gengið. Hér er átt við störf kristnitrúboða, sem töldu að best væri fyrir Kína að öðlast kristni því án hennar myndi kínverskt samfélag aldrei verða þegnum sínum til góðs. Ólafur tók undir þessa skoðun en Oddný ekki. Ef Kína yrði nokkurn tíma kristin þjóð, taldi hún, yrði það kristni með kínverskum einkennum.

Vert er að minnast þess að Ólafur og Oddný voru ekki einu Íslendingarnir sem höfðu áður farið, eða fóru um svipað leyti og þau, til Kína. Fyrst ber að geta Árna Magnússonar frá Geitastekk, en hann var víðförlasti Íslendingurinn á átjándu öld, að mati Björns Karels Þórólfssonar. Í bók sinni lýsir Árni því sem fyrir augu ber í verslunarhöfninni Kanton 广州 (Árni Magnússon, 1945). Björn Karel, sem bjó bókina til prentunar, segir að líklegast hafi Árni verið fyrsti Íslendingurinn sem kom til Kína. Auk Ólafs höfðu þrír aðrir íslenskir trúboðar lagt leið sína til Kína á fyrri hluta 20. aldar. Þeir voru Aðalsteinn M. Loftsson, Jóhann Hannesson og Steinunn Jóhannesdóttir Hayes. Aðalsteinn fór til Kína árið 1921, sama ár og Ólafur, en Jóhann fór 1939. Steinunn er sérstök á margan hátt en ekki síst vegna þess að hún bjó í Kína í 42 ár og var fyrsta íslenska konan til þess að læra til prests og læknis (Margrét Georgsdóttir, 2005). Þessir fjórir einstaklingar verða ekki teknir fyrir í ritgerðinni af eftirfarandi ástæðum: Árni frá Geitastekk settist ekki að í Kína; heimildir um Aðalstein eru af skornum skammti; og Jóhann fór mun seinna til Kína en þremmenningarnir, þó skal það tekið fram að hann var þar í 10 ár og hægt er að glöggva sig á honum í minningarriti Guðfræðistofunnar (Gunnlaugur A. Jónsson, 1991). Ýmsir hafa skrifað greinar um Steinunni og þar má nefna Skúla G. Bjarnason, Hólmfríði Daníelson, Margréti Georgsdóttur og Ágúst Sigurðsson frá Möðruvöllum. Grein Ágústs er yfirgripsmest en það er sannarlega vert að skoða ævi og störf hennar og eiginmanns í Kína betur því það er á of mörgu að taka til þess að fara nánar út í hér (Ágúst Sigurðsson, 2004).

Í ritgerðinni verður leitast við að bera saman ólíka reynslu þeirra Ólafs og Oddnýjar af dvölinni í Kína, með sérstaka áherslu á viðhorf þeirra til aldalangrar viðleitni Vesturlandabúa til að gera Kínverja að kristinni þjóð. Þótt bæði voru vel að sér

um land og þjóð voru nálganir þeirra heldur frábrugðnar, sem jafnt má rekja til þess að þau komu til Kína á ólíkum forsendum og höfðu ólíka persónulega reynslu af dvöl sinni. Loks verður lagt stutt mat á stöðu kristninnar í Kína samtímans með hliðsjón af viðhorfum Ólafs og Oddnýjar.

2. Sögulegt samhengi

Til þess að gera grein fyrir því umhverfi sem Íslendingarnir bjuggu í á fyrri hluta 20. aldar er skynsamlegt að varpa sögulegu ljósi á hvernig það umhverfi skapaðist. Um aldamótin 1900 markaðist ástandið í Kína, stjórnmálalega, hugmyndafræðilega og samfélagslega, af upplausn og óreiðu. Á þeim tíma var keisaraynjan Cixi 慈禧 raunverulegur valdhafi og keisarinn Guangxu 光绪 aðeins leppur. Innanríkisvandamálin á valdatíð hennar voru mörg og margvísleg. Á seinni hluta 19. aldar gerðu sumir innan stjórnarinnar tilraunir til umbóta, en vangeta Cixi til að sleppa takinu á hefðbundnum venjum, og heilagleiki Mansjú 滿族 keisaraættarinnar í hennar augum, varð steinn í vegi framfara (Spence, 1999, bls. 216-217). Flestar þessara umbóta, eins og „hundrað daga umbæturnar“, sem keisarinn Guangxu lagði til 1898, gengu að mestu út á aðlögun að vestrænni tæknipækkingu og samfélagsskipan. Þessar hugmyndir áttu rætur sínar í öðrum vel heppnuðum umbótaverkefnum víðsvegar um heim, t.d. Meiji endurreisninni í Japan 1868, sem Guangxu hafði haft spurnir af. Cixi var nú orðin örvæntingafull, því hún óttaðist mjög að missa völdin og sá hættur leynast í hverju horni. Í örvæntingu sinni skipaði hún Guangxu í stofufangelsi í september 1898, og endurreisnarbræður Guangxu voru fangelsaðir, teknir af lífi eða flúðu land (bls. 227-229). Taiping 太平 uppreisnin 1850-1864, Nian uppreisnin 捻军起义 1851-1868

og uppreisn Múslima 1855-1873 settu einnig mark sitt á keisaraveldið. Stjórnin var vanhæf um að takast á við þessar uppreisnir og var það því kaldhæðni örlaganna að vesturveldin aðstoðuðu Qing veldið 清代 við að brjóta sumar þeirra á bak aftur.

Um aldamótin höfðu vesturveldin, Bretland, Frakkland, Bandaríkin og Þýskaland, komið sér þægilega fyrir í Kína og höfðu í raun Qing veldið í hendi sér. Aðdragandi þess var að miklu leyti eftirmálar fyrra ópíumstríðsins 鴉片战争 1839-1842, en í kjölfar þess hafði Qing stjórnin skrifað undir afarkosti Nanjing-sáttmálans 南京条约 1842 og Tianjinsáttmálans 天津条约 1854. Þessir sáttmálar gerðu óskir Qing stjórnarinnar að engu: að ópíumverslun yrði bönnuð; að Kanton væri eina verslunarhöfnin opin útlendingum; að sendiherrar annarra landa fengju ekki dvalarleyfi í Peking 北京; og að útlendingar í Kína sýndu kínverskum hefðum, lögum og fólki tilskylda virðingu. Bretar fóru fyrir þessum sáttmálum og höfðu þvingað kínversku stjórnina til undirskriftar með hervaldi. Reynsla Breta, og reyndar hinna vesturveldanna líka, í því að fá sínu framgengt í „samningagerð“ við önnur lönd, og hernaðarlegir yfirburðir þeirra, var slík að varla er hægt að kalla ópíumstríðið eiginlegt stríð. Eftir því sem nær dró aldamótum bar gagnkvæm virðing vesturveldanna og Kínverja verulega hnekki. Til þess að bæta gráu ofan á svart kom til átaka á milli Japans og Kína vegna yfirráða í Kóreu og enduðu þau átök á landssvæði í norð-austur Kína 1894-95. Japan sigraði og fékk fyrir vikið yfirráð m.a. yfir Tævan 台湾 og aukinn aðgang að kínversku landsvæði. Þetta var sérlega niðurlægjandi fyrir Kínverja og rúði fyrir vikið stjórnina öllu því litla trausti sem hún hafði haft fyrir. Enn einn sáttmálinn í óþökk Kínverja var undirritaður af Qing stjórninni til þess að leysa þá krísu. Þessi framvinda leiddi til nokkurskonar suðupunkts í „Boxara“ uppreisninni 义和团运动 1898-1901, en markmið

Þess var að hrekja alla útlendinga frá Kína. Eftir nokkurt þóf tók keisarastjórnin þá ákvörðun að styðja baki við uppreisnina, væntanlega í því skyni að afla sér aukins stuðnings meðal kínversks almennings, en það reyndist örlagaríkt þar sem uppreisnin var brotin á bak aftur af sameinuðum herjum Vesturveldanna og fyrir vikið versnaði samband kínverskra stjórnvalda við vesturveldin enn frekar.

Cixi tókst illa að horfast í augu við þau vandamál sem höfðu skapast í ríki sínu og lokaði sig æ oftast af innan veggja forboðnu borgarinnar eða sumarhallarinnar í stað þess að takast á við þau. Næsti áratugur einkenndist af hægfara endalokum Qing stjórnarinnar og þar með keisaraveldistíð í Kína (Spence, 1999, bls. 253). Með vaxandi þjóðernishyggju og nýjum hugmyndum á sviði stjórn mála og samfélagsgerðar myndaðist jarðvegur fyrir byltingu. Þjóðernissinnar voru „andvígir Mansjú stjórninni [Qing] og, sem „þjóðernissinnar“, leituðu þeir eftir lausn Kína frá því sem þeir töldu vera efnahagsleg kverkatak vesturveldanna og Japans.“ (Spence, 1999, bls. 257). Margar uppreisnir áttu sér stað á árunum 1895-1911 en þær mistókust allar. Wuchang uppreisnin 武昌起义 haustið 1911 var ekki áætluð og gerðist fyrir hálfgerða slysi, en hún leiddi hins vegar til falls keisaraveldisins. Undir stjórn leiðtoga þjóðernissinna, Sun Yat-sen 孙中山, var kínverska lýðveldið stofnað þann 1. janúar 1912 í Nanjing 南京 og Sun valinn bráðabirgðaforseti þess. Valdaafsal síðasta keisara Kínverja, Puyi 溥仪, var tilkynnt 12. febrúar 1912 og kínverska lýðveldið þá eina réttmæta stjórn landsins. Ríflega 2000 ára keisaraveldissaga Kínverja var með þessum aðgerðum lokið.

Sun Yat-sen sagði af sér æðsta embætti hins nýja Kína eftir rúman mánuð í stjórn, því það stóð til að herforinginn Yuan Shikai 袁世凯 myndi sameina hina sundurleiddu herdeildir fyrrum keisaraveldisins. Yuan tók við embættinu og átti að

gegna því í 10 mánuði, en það leið ekki á löngu áður en ljóst var að hann hafði önnur áform en þau að fylgja stjórnarskrá lýðveldisins. Vorið 1913 flyktust nýkosnir þingmenn fyrstu lýðræðislegu kosninganna í Kína til þings í Peking. Sun Yat-sen hafði á árinu áður efnt til myndunar stjórnámálflokks úr Byltingarsambandinu 中国同盟会 sem hafði staðið fyrir byltingunni. Þessi flokkur var Þjóðernisflokkurinn, eða Guomindang 国民党 og var undirforingi Sun, Song Jiaoren 宋教仁, skipaður formaður þess. Guomindang varð atkvæðamesti flokkurinn í kosningunum í desember 1912 og Song Jiaoren orðaður við forsetaembættið, sem þingið skyldi kjósa til. Song var ráðinn af dögum á lestarstöðinni í Shanghai 上海, þar sem hann beið eftir lestinni til Peking. Enn sat Yuan Shikai í forsetastól, þá nokkrum mánuðum lengur en Sun Yat-sen hafði lagt til, bolaði Guomindang flokknum úr þinginu og neyddi þingið í október 1913 til að kjósa sig til forseta næstu fimm árin. Sun Yat-sen flúði til Japan og embættismenn hins réttkjörna flokks sáu nýja lýðveldið renna sér úr greipum.

Í kjölfar fylgdi stjórnámálaglegt óöryggi, því Yuan hafði sundrað þinginu í janúar 1914 og sett á laggirnar eigið stjórnarráð, sem kom nýrri stjórnarskrá í gildi. Í nóvember 1915 var kosið um hvort ætti að gera Yuan að keisara veldisins, en það var einróma samþykkt og í desember það ár samþykkti hann tilnefninguna. 1. janúar 1916 var Yuan svarinn inn sem keisari hins nýja veldis. Í júní sama ár lést Yuan Shikai og í kjölfarið hófst óreiðuástand í stjórnámálum sem einkenndist af yfirráðum ýmissa stríðsherra og hin mörgu héröð Kína voru ekki á eitt sammála um stjórnunarhætti. Sumir stríðsherranna studdu tillögur Sun Yat-sen á meðan aðrir höfnuðu þeim algjörlega. „Fjórdá maí hreyfingin“ 五四运动 óx upp úr mótmælum stúdenta í Peking, einkum Peking Háskóla 北京大学, þann 4. maí 1919, sem upphaflega mótmæltu veiklulegum

viðbrögðum stjórnvalda við Versalasalningunum og ákvæðis um yfirráð Japana yfir Shandong 山东 skaga. Kröfur þeirra urðu síðan margvíslegar og þar á meðal var krafan um sameinað Kína með tilheyrandi stjórnmalalegum stöðugleika. „Fjórða maí hreyfingin“ var ekki eiginleg hreyfing, heldur krafa borgara (þó aðallega menntamanna og háskólanema) um breyttar áherslur í samfélaginu byggt á grunni ýmissa nýrra kenninga sem höfðu skotið rótum í Kína á undanförunum áratugi. Þar má nefna félagsdarvinisma, kommúnisma og kenningar Freud. Sumir tóku raunsæislegri afstöðu til mála og bentu á mikilvægi þess að líta til framfara í vestrænum vísindum, frekar en eintómar hugsjónir (Spence, 1999, bls. 299-302). Bein afleiðing þessara mótmæla, sem spruttu upp víðsvegar um landið þetta ár eftir þau fyrstu í Peking, var frjórri jarðvegur fyrir grósku margvíslegra hugsjónahópa, þ.á.m. Kommúnistaflokksins 中国共产党.

Í júlí 1921 var fyrsti fundur kínverska Kommúnistaflokksins, haldin á laun í Shanghai. Þá voru meðlimir flokksins aðeins 66 og 13 þeirra hittust ásamt fulltrúa Comintern gagnvart flokknum. Mao Zedong 毛泽东 var á meðal fundarmanna (Spence, 1999, bls. 311). Sun Yat-sen hafði snúið aftur til Kína eftir andlát Yuan Shikai árið 1916 og upp úr 1923 hófust viðræður Þjóðernisflokksins við Kommúnistaflokkinn um samstarf. Tveimur mánuðum eftir að Sun Yat-sen lést í mars árið 1925 vegna krabbameins urðu möguleikar samstarfs sýnilegrir en nokkru fyrr, því sameinaðir kraftar flokkanna komu sér vel hvor fyrir annan í stuðningi við mótmælum gegn forréttindum útlendinga í Shanghai og Kanton. En langvarandi samstarfi var ekki ætlað að verða að veruleika. Í Norðurleiðangrunum 北伐 árið 1926 réðust Guomindang og Kommúnistaflokkurinn gegn stríðsherrum fyrir sunnan Yangziá 长江. Það gékk á ýmsu í samskiptum flokkanna á þessu tímabili og samstarf þeirra beið varanlega hnekki eftir

að Þjóðernisflokkurinn, undir stjórn Chiang Kai-shek 蒋介石, stóð fyrir fjöldamorðum á kommúnistum í Shanghai, Kanton og víðar árið 1927. Í öðrum Norðurleiðangri árið 1928, sem þá var eingöngu á vegum Guomindang, var herjað gegn stríðsherrum norðan Yangziáar og varist sókn Japana að norðan frá Mansjúríu. Í lok árs 1928 höfðu Guomindang betur og tókst loksins að ná yfirráðum frá Kanton, syðst í Kína, til Mukden (núv. Shenyang 沈阳), í norðausturhluta Kína.

Ljóst er að sá stjórnmálastöðugleiki sem skapaðist þegar Guomindang réði frá norðri til suðurs hafði jákvæðar afleiðingar fyrir þegna landsins á seinni hluta 3. og á 4. áratuginum. Til dæmis má nefna að spítalar risu, tækni- og vísindapekking jókst, skólastarf var eflt, samgöngur á vegum, ám og teinum urðu greiðari og rafvæðing jókst. Dægurmenning í þéttbýlum tók kipp: kvikmyndahús og kvikmyndaiðnaðurinn, einkum í Shanghai, óx verulega; útvörp og plötuspilarar sáust í auknu mæli; tíska karla og kvenna fékk á sig vestrænan blæ; söngvarar og leikarar urðu að stjörnum í tískutímaritum og lífskjör ríkra Kínverja uxu til nýrra hæða (Spence, 1999, bls. 352). Til sveita og í verksmiðjum víðsvegar um Kína voru aðstæður allt aðrar, þar sem margar milljónir bjuggu enn við mikla fátækt og bág kjör, á vinnustað jafnt sem heima fyrir. Með þeirri auknu þekkingu í háskólum landsins voru upplýsingar um félagslegar aðstæður fólks aðgengilegri og áreiðanlegri. Þá kvað við nýjan hljóm í búðum Kommúnistaflokksins á árunum 1934-35 en hann virtist hafa orðið að engu árið 1927.

Árið 1937 braust út af fullum krafti stríð við Japani, sem höfðu smám saman aukið yfirráðasvæði sitt í norðaustur Kína (Mansjúríu) allt frá árinu 1931. Japanir unnu hvern sigurinn á fætur öðrum á leið sinni suður með kínversku ströndinni og innan árs höfðu þeir hertekið helstu iðnaðar- og ræktunarsvæði Kína. Draumur Chiang Kai-sheks

um sterkt, sameinað lýðræðisríki stóð höllum fæti, en á fyrstu árum stríðsins héldu sameinuð öfl þjóðernissinna og kommúnista hugmyndinni um sameinað Kína á lofti. Í ársbyrjun 1941 gæddi hins vegar gamalla venja þegar flokkarnir tveir tóku að berjast sín á milli og í desember sama ár, þegar Bandaríkin hófu þátttöku í stríðinu, fengu þjóðernissinnar mikla fjárveitingu til stríðsreksturs gegn Japönum. Á sama tíma eflðu kommúnistar skæruhernaðartækni sína og unnu sér stuðning í sveitum innan víglínu Japana. Þegar stríðinu var lokið árið 1945 hlupu Guomindang og Kommúnistaflokkurinn til og endurheimtu hvor um sig landssvæði Kína: kommúnistar héldu til norðurs, en Chiang til mið- og suðurhluta Kína. Þjóðernissinnar voru illa haldnir eftir stríðið við Japani og á árunum 1948-49 biðu þeir ósigur fyrir Kommúnistaflokki. Chiang hélt til þeirra fáu stuðningsmanna sem hann átti eftir á eyjunni Tævan og kommúnistar undir Mao Zedong stofnuðu Alþýðulýðveldið 中华人民共和国 þann 1. október 1949.

3.0 Persónur

Pólítíska og samfélagslega andrúmsloftið í Kína á fyrri hluta 20. aldar var afar flókið. Tveir Íslendingar bjuggu um nokkurt skeið í þessu nýja Kína, Ólafur Ólafsson í 14 ár og Oddný E. Sen í 16 ár. Það kínverska samfélag sem þau upplifðu var að feta áður óþekktar slóðir í kjölfar falls mörgþúsund ára gamals keisaraveldis með miklum umsvifum og sterkum ítökum útlendinga og tilraunum nýrra stjórnvalda með lýðræði. Reynsla þeirra af dvölinni þar var ólík fyrir margar sakir, enda höfðu þau hlotið mismunandi menntun og uppvöxt og bjuggu þar að auki á mismunandi stöðum í Kína. Þau lærðu bæði kínversku til þess að aðlagast samfélaginu, en líklegt er að sú kínverska

sem Oddný lærði hafi verið frábrugðin þeirri sem Ólafi var kennd, vegna þess að umhverfið sem þau bjuggu í var svo ólíkt. Hann lærði málið af trúboðunum eftir komuna til Kína 1921 og átti í samræðum að mestu við ómenntað fólk, sem hann meira að segja kenndi síðar kínversku (Ólafur Ólafsson, 1938). Það er óljóst hvort hann hafi lært hreina mandarín, en líklega hefur hann þurft að aðlaga sig að Henan 河南 mállyskunum. Það var eiginmaður Oddnýjar sem kenndi henni kínversku að mestu og hefur það að öllum líkindum verið mandarín, sökum menntunar eiginmanns hennar og yfirstéttarumhverfisins sem hún bjó í (Oddný Sen, 1997). Bæði Oddný og Ólafur skrifuðu bækur tengdar reynslu sinni og hefur margt verið ritað um þessa dvöl þeirra eystra. Saga þeirra og afdrif í Kína verða rakin hér að neðan.

3.1 Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson fæddist 14. ágúst 1895 að Desey í Norðurárdal. Hann stundaði margvíslegt nám á ævi sinni sem leiddi hann um víðan völl. Hann gekk fyrst í Hvítárbakkaskóla frá 1912-14 og sótti síðan kvöldskóla í einn vetur þar á eftir, þegar hann flutti til Reykjavíkur. Því næst fór hann í 5 ára nám í kristniboðaskóla í Noregi þar til 1920 og að því loknu flutti hann til Ameríku þar sem hann stundaði framhaldsnám í eitt ár. Í Noregi kynntist Ólafur konu sinni, Herborgu Eldevik, en það var náíð samstarf á milli íslenskra og annara norrænna trúboða þ.m.t. í Kína (Jón Guðnason og Pétur Haraldsson, 1967).

Hann flutti til Kína árið 1921 með fjölskyldu sinni til þess að boða kristni í Henan héraði, fram til ársins 1937. Hann er sagður vera fyrstur Íslendinga sendur og kostaður til kristniboðs meðal „heiðinnar“ þjóðar. Ólafur skrifaði bókina *14 ár í Kína*

eftir þessa reynslu sína og hún varpar með ágætum ljósi á skoðanir og viðhorf hans til Kínverja, Kína og kristniboðs. Þar kemur fram að hann taldi kristnitöku einu björg Kínverja frá glötun. Vel er farið í saumana á trúboðsstarfi í Kína, hvernig það gangi og hver framtíð þess sé. Það fer ekki á milli mála að honum fyndist samfélagsgerðin óviðunandi, þó hann bæri virðingu fyrir fólkinu. Að hans mati voru þau í raun fórnarlömb örlaganna og samfélags án kristni; ef ráðamenn myndu aðeins taka upp kristna trú færi samfélagið um leið að snúast til betri vegar. Umfjöllun hans um Kína ber keim af þeirri hugsun að það þyrfti að „frelsa“ Kína og þegnar þess væru ekki hæfir um að gera það eingöngu vopnaðir eigin menningu. Þetta er sama viðhorf og margir þeir vestrænu ráðamenn sem höfðu komið til Kína í gegnum aldirnar höfðu, eins og J. D. Spence lýsir í bók sinni *To Change China: Western Advisers in China 1620-1960* (Spence, 1980). Þar er því lýst að Kína var vandamál sem þyrfti að leysa og vestrænar þjóðir og hugmyndir þeirra væru það eina sem björg gæti veitt.

3.1.1 14 ár í Kína

Bókina *14 ár í Kína* tileinkaði Ólafur íslenskum kristniboðum og er sett saman úr 65 bréfum sem skrifuð voru á árunum 1921-35. Í formála varar hann lesendur við því að draga ályktanir um Kína og íbúa þess af frásögninni vegna þess að hans reynsla var einungis af einni sýslu þessa stóra lands. Bókin hefst árið 1929 á afar skemmtilegri frásögn Ólafs á ferð hans og fjölskyldu til Kína í annað sinn, en þau höfðu neyðst til þess að flýja Kína á miðju ári 1927. Þau lögðu af stað frá Ósló þann 12. september, kona hans, sonur, þrjár kennslukonur og fleiri börn. Þau fóru fyrst þvert yfir Evrópu, frá Tralleborg til Genova. Sviss lýsti Ólafur sem fegurri en Íslandi, nema veðurfar á Íslandi

breytist og ef móar og melir yrðu plægðir í mun meira mæli en hafði tíðkast (Ólafur Ólafsson, 1938, bls. 11). Mikil ferðamennska var í ítölsku hafnarborginni Genova og var hann yfir sig hrifinn af borginni, en þar stigu þau um borð í skipið sem bar þau til Kína. Frá Genova var mánaðar sigling framundan og lá leiðin um Port Said (Suez), Colombo, Belavan, Singapore, Filippseyjar, Hong Kong og loks Shanghai. Ólafur kippir lesendum sínum kyrfilega til 3. áratugarins þegar hann segir frá höftunum sem skipinu var beitt vegna þess að það var þýskt og á þeim tíma voru Versalasalningarnir enn í gildi. Skipið mátti ekki hafa tvö farrými og ekki ferðast á samkeppnishæfum hraða, og honum fannst það heldur óréttlátt (bls. 13). Ekkert merkilegt þótti honum að sjá í Port Said, borginni sem byggð var við og vegna Suez skurðarins, en Ólafur nefnir að „Evrópumenn skilja þar eftir öll helstu siðferðisboðorðin, þegar þeir fara til austurlanda, án þess þó að bærinn hafi hagnast nokkuð á því!“ (bls. 14) Hinum megin við skurðinn fannst honum þó ferðin byrja í alvöru og að mikla fegurð væri að sjá í Colombo, Belavan á Sumötru og Singapore (bls. 15-16). Þau kynntust fyrst og fremst kristniboðum um borð, frá Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og Danmörku, og þar voru haldnar sameiginlegar guðsþjónustur og fyrirlestrar.

Næsti leggur var frá Shanghai til Dengzhou¹ 邓州, þar sem höfuðstöðvar kristniboðs Ólafs voru. Það tók fjóra daga að sigla upp Yangzi á frá „hafnarbænum“ Shanghai til Hankou² 汉口 í Mið-Kína, en næsti leggur, frá Hankou til Dengzhou (u.þ.b. 700 km upp Han á 汉江) tók hins vegar heilan mánuð! Þannig var mál með vexti að átök stríðsherrana sem voru með yfirráð hér og þar á þessum tíma stóðu sem hæst þegar

¹ Í bókinni styðst Ólafur við umritunarkerfi sem ekki er lengur notað og vísar hann til borgarinnar sem Tengchow.

² Hankow í bókinni. Í dag er Hankou hluti af borginni Wuhan 武汉.

þau komu til Hankou og meginþungi þeirra var í Henan héraði, en þangað var förinni heitið. Dengzhou var í hershöndum og „ræningja-óeirðir“ voru miklar meðfram ánni (bls. 20). Ræningjarnir tepptu allar samgöngur svo þau þurftu að lokum að greiða hópi þeirra 400 króna gjald til þess að fylgja þeim upp ána. Þeir bjuggu á bát þeirra í 10 daga og höguðu sér ribbaldalega. Við slíkar aðstæður taldi Ólafur það skynsamlegt að lifa í sátt við Guð og vegna þess að þegar mennirnir bregðast er skynsamlegt að vera í samlífi með drottni (bls. 22). Rúmri viku fyrir jól voru þau komin til Laohekou³ 老河口, u.þ.b. 60 km frá höfuðstöðvunum í Dengzhou. Þar kvöddu þau skipshafnir sínar, sem höfðu reynst þeim mjög góðir félagar og Ólafur lýsir Kínverjum sem eljusömum, þrautseigum, glaðlyndum og liprum (bls. 24). Ræningjar voru allt í kring um Dengzhou en eftir sex ára búsetu á þessum slóðum komu árásir þeirra ekki lengur á óvart:

Við lifum, eins og Kínverjar sjálfir, í voninni um betri tíma. Þeir, sem þekkja sögu þjóðarinnar vita, að þetta verður ekki alltaf svona. Það er eðlilegt, að hjá jafn stóru þjóðfélagi séu allar breytingar erfiðar, hættulegar og hægfara. Ekki eru nema 27 ár liðin síðan ráðist var í að koma lýðveldi á hjá þessari miklu þjóð. Það er óefað mesta stórræði síðari tíma, að heimsstyrjöldinni undanskilinni, og mun taka langan tíma enn, áður en því verður komið fyllilega í framkvæmd. (Ólafur Ólafsson, 1928, bls. 24)

Um 80 manns unnu að kristniboði í norðanverðu Mið-Kína þar sem íbúar voru þá um 6 milljónir. Ólafur vann á vegum Norska Lúterska Kínatrúboðssambandsins sem hóf störf árið 1892 en hann var kostaður að miklu leyti af Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga eftir 1927. Hann vann hart að því að ávinna menn fyrir Krist og koma söfnuðum á laggirnar en safnaðarmeðlimir í Dengsýslu (Deng xian⁴ 邓县), þar sem

³ Laohokow í bókinni.

⁴ Tenghsien í bókinni.

Ólafur vann í átta og hálf ár voru um 4.000 manns. Landið þar er flatt og fyrirtaks akurlendi en 80% Kínverja lifðu þá á akuryrkju (bls. 27). Héraðinu var einnig lýst sem auðveldu yfirferðar þegar þurrt er, en hættulegt var að ferðast vegna ræningjaóeirða og mikill hluti akurlendisins var orðið að eyðimörk vegna þeirra (bls. 28). Auk safnaðarmeðlima sóttu trúnemar þjónustu hjá trúboðum og voru um 600 slíkir í stöðvar- umdæmi Ólafs. Trúnemar töldust ekki til safnaðarmeðlima, þó þeir nýttu sér starfsemi trúboðanna, og voru safnaðarmeðlimir aðeins rúmlega 800 manns af 520 þúsund íbúum (bls. 30). Haldin voru tvö námskeið á ári í Dengzhou og sex útistöðvum sem stóðu yfir í mánuð. Þar var fólkinu kennt að lesa en í sýslunni kunnu ekki nema fjórar af hverjum hundrað kvenna að lesa og aðeins um 15 af hundraði karla. Síðan voru gjarnan haldnar samkomur fyrir kristna til þess að uppörva hina kristnu trú, því ekki þótti boðlegt fyrir sannkristið fólk að lifa á meðal eintómra heiðingja til lengri tíma (bls. 31).

Ólafur segir almenninginn í sýslunni vita fátt um borgarastyrjöldina sem geysar í landinu og virðist hún varla hafa áhrif á þau. Hins vegar er ótrúlegt að þau hafi þolað að búa á þessum slóðum í þetta langan tíma, miðað við lýsingarnar á því hversu mikill ófriðurinn var í raun og veru þegar ýmist kommúnistar eða ræningjar stofnuðu til óeirða. Meðal annars brenndu þeir sumarbústaði þeirra við Haishanfjall í tvígang, breyttu frjósömu landi í eyðimörk og gerðu út um útstöðvarnar í umdæmi hans (bls. 34-35). Sunnudagssamkomur voru alltaf vel sóttar í Dengzhou þar sem Ólafur gat látið krafta sína óskipta í aðalverkefni þeirra kristniboða „að flytja heiðingjunum fagnaðarerindið og kenna þeim, sem veittu því viðtöku, lestur og kristin fræði.“ (bls. 35) Í lýsingum hans á húsakynnum almúgans kemur fram að þau hlaði garða allt að þriggja metra háa í kring um bæjarhúsin, einkum til þess að verjast á óeirðartímum. Húsin eru

byggð aðallega úr múrsteini og eru óvistleg. Þar er því ekki hægt að haga heimilislífi eins og við þekkjum það. Skoðun Ólafs á því að lifa svo auðmjúku og lítillátu lífi er að „slík nægjusemi eigi lítið skylt við sanna vellíðan ... [því] að almúgamenn í Kína hafa aldrei komizt upp á það, að gera hærri kröfur til lífsins“ (bls. 38).

Á ferðalögum sínum héldu þau samkomur hér og þar með ræðuhöldum, söngi og sölu Biblíurita. Ólafur segir að þau fái allt aðrar viðtökur en þeir trúboðar sem komu fyrir um 20 árum, sem máttu þola tortryggni og fyrirlitningu. Kínverjar eru þekktir fyrir útlendingahatur og þjóðdramb, sem Íslendingar gerast einnig sekir um, og slíkt breytist einungis með auknum samgöngum og kynnum (bls. 39-40). Hugsunarhátturinn í Kína hafði breyst vegna þess að fornu trúarbrögðunum hafði hnignað svo mikið, líkt og í Róm fyrir kristnitöku. Þess var því að vænta að kristni myndi auka fylgi sitt:

Kristna trúin og nýmenningin í sameiningu, hafa veitt fjölgyðistrúnni ólífsár, en ný heimsskoðun er að kippa fótum undan guðsafneitun, sem haldist hefir í hendur við dauðadæmda efnishyggju. Þetta ásamt reynslu síðustu ára, bendir allt til þess, að kristni-dómurinn finni hér frjósamari jarðveg með ári hverju. (Ólafur Ólafsson, 1928, bls. 40)

Þrátt fyrir stóru orðin um frjósamari jarðveg fyrir kristni, efast hann um að trúboðsstarfið muni bera mikinn árangur. Miklu þúðri var eytt í að kenna Kínverjum að lesa og skrifa, því Ólafur taldi fáfræðina vera mesta hindrun í boðun fagnaðarerindisins. Alls voru haldin 11 námskeið, nokkrar vikur að lengd, í útistöðvum Dengzhou, á tilteknu ári sem ekki er nánar tilgreint (bls. 41). Námið sem kristniboðsstarfið bauð konum upp á var sérstaklega mikil framför og þarfaping (bls. 66-70). Samfélagið allt hagnast á því að allir þáttakendur þess séu menntaðir og má segja að menntun kvenna sé þá einn lykilþátta í útrýmingu fátæktar. Saga af ökumanni hjólböru í förunauti Ólafs sem fer að forvitnast um kristni sýnir að kristniboðunum fannst ekki fullnægjandi að kenna

lestur fyrir þær sakir einar að kenna lestur. Ólafur firrtist við þegar ökumaðurinn virtist bara vilja læra að lesa en ekki leggjast yfir Biblíuversin: „fannst mér hann halda“, segir hann, að því er virðist hneykslaður, „að aðalverkefni okkar væri að kenna fólki að lesa“ (bls. 43). En svo þegar ökumaðurinn sagðist vilja læra um syndina og fyrirgefninguna kvað við annan tón og Ólafi fannst nú sjálfsagt að hann læri að lesa á næsta námskeiði (bls. 43-45).

Ólafur segir að trúboðsumdæmi hans hafi þurft að líða mikið rán og að síðan árið 1911 hafi íbúum fækkað um 200 þúsund manns. Karlmenn hafa þar verið í meirihluta og á 500 manna samkomum voru gjarnan yfir 80 ekkjur (bls. 57). Ólafur segir heiðingjana líta syndina öðrum augum og að Kínverjar skilji ekki að það sé synd að bera út börn. Í því samhengi sagði Kínverji eitt sinn við Ólaf: „Þegar ég var heiðingi lifði ég í synd, en ég vissi það ekki.“ (bls. 64) Stöðugur ófriður vegna ræningjanna þýddi að aldrei var friður til uppbyggingar, fólk flúði þau svæði þar sem átökin voru mest og árið 1927 dundu á svo miklar ofsóknir að Ólafur og föruneyti flúðu land (bls. 81-89). Þá heldu þau til Íslands og það er annálað að á því ári sem hann og Herborg voru hérlendis hélt hann á annað hundrað erinda. Samband íslenskra kristniboðsfélaga var þá einnig stofnað og kostaði hann til kristniboðs allar götur síðan (Skapti Hallgrímsson, 2002).

„Trúboðsumdæmi Kínasambandsins norska er á stærð við Ísland, en íbúar eru um 6 miljónir. Nú eru ekki önnur sjúkrahús á öllu þessu svæði en tvö, sem bæði eru byggð og starfrækt af kristniboðsfélögum, og engir aðrir fullmenntaðir læknar en kristniboðslæknarnir.“ (Ólafur Ólafsson, 1938, bls. 90) Sannarlega var með því unnið þarft verk, en Ólafur telur að líknarstarf sé óþekkt á meðal heiðinna þjóða, nema þar

sem kristniboðsstarf er. Hvar sem hugarfar kristninnar hafði skotið rötum hófst líknarstarf og það þekktist ekki á þeim stöðum áður. Hann segir alla heilbrigðisstarfsemi á Vesturlöndum vera upprunna úr kristni, en hafi svo nýlega færst í hendur hins opinbera (bls. 91). En Ólafur nefnir líka að það vanti þekkingu á sjúkdómum og lyfjum og skortur sé á menntuðu fagfólki, eins og ljósmæðrum til þess að sporna við hárrí títöni ungbarnadauða. Meðalaldur í Kína var þá um 30 ár, en 50 á Íslandi, og segir það nokkuð um gæði sjúkrastarfs á þeim árum (bls. 95).

Örlagatrú, aðgerðarleysi og vöntun á sjálfstrausti er að mati Ólafs versta meinsemd vonarinnar (bls. 100). Hann lýsir í kafla sínum „Hungursneyð“ hvernig áhrif slíkt hefur á almenning og hvernig yfirvöld bregðast við. Yfirvöld ráðast einungis í þau verkefni sem hægt er að græða á og því bregðast þau illa við slíkum hörmungum. Ólafur er því sannfærður um það að peningum sem varið er í kristniboðsstarf í Kína sé mjög vel varið, því á hverju ári eru hungursneyðar, flóð, styrjaldir eða óeirðir einhvers staðar í landinu sem stjórnvöld eru vanhæf um að liðsinna við. Við slíkar aðstæður hikar almenningur ekki við að selja bókstaflega allt, þ.m.t. börnin sín, fyrir smá matarbita og algennt var að sjá fólk borða mold eða fötin sín þegar allt um þrýtur (bls. 103). Kínverjar eru samt ekki verr innrættir en aðrir menn, hins vegar hafa þeir horft upp á volæðið og eynd í það mörgum myndum og um svo langt skeið að það hefur sljóvgað tilfinningarnar (bls. 98). Ólafi fannst yfirvöld í Dengzhou yfirleitt bregðast við neyðarástandi þegar allt er komið í algerar ógöngur, með því að gefa mat sem dugar skammt og brugðu kristniboðar því gjarnan á það ráð að skjóta saman féi til matargjafar. Eitt sinn kom svo margt fólk kom að færri komust að en vildu og Ólafur segir að

neyðaróp fólksins í þvögunni fyrir utan matsalinn, sem komst ekki inn, munu fylgja honum alla ævi (bls. 106).

Árið 1933 skrifar Ólafur um ofsóknir á hendur útlendingum og kristnum mönnum. Árið 1900 voru miklar ofsóknir af höndum stjórnvalda og 30 þúsund kristnir menn létu lífið. Aftur voru ofsóknir 1926 og þá voru það þjóðernissinnar í slagtogi með rússneskum kommúnistum (bls. 111). Árið 1927 fækkaði trúboðum úr 8300 í 3100 manns á einu ári. Kristnir Kínverjar voru ofsóttir, byggingar voru brenndar eða teknar í notkun af lýðæsingamönnum og norsku kristniboðssamtökin í Kína flúðu til Shanghai (bls. 112). Þaðan flúðu þau land og komust árið 1927 til Íslands. Kristniboðsstarfið hafði náð hámarki frá árunum 1921-26, en eyðilegging og hrun þess varð á árunum 1926-27 (bls. 115). Kristniboðið gekk misvel á milli héraða og í Shandong héraði hafði trúvakning verið mikil, t.d. höfðu um 8000 fullorðnir látið skírast á árinu áður (bls. 127). Ólafur kemur að kínversku hugtökunum, *tian long* 天聾 og *di ya*⁵地哑 („himinn heyrnarlaus“ og „jörð mállaus“), og segir þau sýna þann vanmátt sem Kínverjar upplifa þegar taka á örlögin í sínar hendur. Hann telur þetta jafnframt sýna löngun manna til þess að finna Guð, en þeim hefur mistekist að finna hann þar til Guð kom loksins til þeirra í Jesú Kristi (bls. 130).

Áður en óeirðirnar 1927 skullu á höfðu kínversk stjórnvöld unnið að margvíslegum umbótum sem nánast allar voru unnar fyrir gýg. Þrátt fyrir að átökin hefðu ekki átt sér stað vill Ólafur meina að umbæturnar hefðu ekki fyllilega bætt úr neyð fólksins. Ástæðan er sú, að hans mati, að neyð fólksins er fyrst og fremst komin til af því að þau hafa ekki heyrt fagnaðarerindið. Þangað til fólkið heyrir boðskapinn er það

⁵ Tien-lung og Dí-ya í bókinni.

í neyð vegna þess eins að það hefur ekki heyrt boðskapinn. Heiðingjar þjást meðal annars af sálarhungri og hræðslu „Og úr þeirri neyð ... verður ekki bætt með aukinni menningu eða með sambræðslu kristindómsins við þeirra eigin trúarbrögð, heldur aðeins með ómengaðri boðun fagnaðarerindisins um hina fullkomnu sáluhjálpi í Jesú Kristi.“ (bls. 131) Þó að Kína sé ein elsta menningarþjóð heimsins er þjóðin kristinnar þörf. Evrópa hefur sýnt okkur það að menningin geri mennina ekki betri eða lyfti þeim nær Guði. Ólafur taldi það jafnframt ógild rök gegn kristniboðsstarfi í Kína að kínversk menning sé mörg þúsund ára gömul: löng menningarsaga þýði ekki endilega að þjóðin þarfnist ekki aðstoðar og í því samhengi telur hann að notast eigi fyrst og fremst við kristna hugmyndafræði (bls. 132). Kristni hefur haft mikil og jákvæð áhrif á íslenskt samfélag síðustu þúsund ár, þó ómögulegt sé að vita með vissu hversu mikil.

Alla útlenda menn óar við því, hve mannlífið er lítilsvirði í Kína. Það er ekki vegna þess að Kínverjar séu að eðlisfari svo miklu verri menn en við, að útburður smábarna tíðkast enn hjá þeim í stórum stíl, og að svo mikið hefir verið um rán og morð víða í landinu, að þar getur enginn verið óhultur um líf sitt. Það er ekkert annað en ávöxtur þúsund ára heiðni. – Eins og það er líka ávöxtur kristindómsins með okkar þjóð, að mannlífið er hafið í æðsta gildi, frá því að barnið er borið til skírnar í Jesú nafni „þar til gamall sofnar síðasta blund“ með orð Hans á vörunum. (Ólafur Ólafsson, 1938, bls. 140)

Það er því mannúðarleysi, ekki menningarleysi, sem veldur því að svo fáir spítalar og líknarstofnanir hafi verið stofnaðar af Kínverjum sjálfum. Ólafur segir svo að páverandi stjórnvöld hafi ítrekað reynt að koma líknar- og spítalamálum í gott horf, en sjaldan fengið starfsfrið. Við höfum í raun ekkert fram yfir heiðnu þjóðirnar nema orð guðs. Við skuldum öllum sem ekki hafa guðs orð og krist, við skuldum þeim fagnaðarerindið (bls. 141-142).

Í kaflanum „Hversvegna ég varð kristniboði“ segir Ólafur frá því að hann var fullkomlega meðvitaður um að fólk kynni að líta á hann sem geggjaðan fyrir að leggja sig allan fram við að rækta trúargáfu sinnar, líkt og aðrir leggja sig fram við að rækta tónlistar- eða reikningsgáfu, en sannfæring hans var svo mikil að hann gat ekki haldið aftur af sér (bls. 146). Það Kína sem Ólafur lýsir í bókinni er samfélag sundrunar, spillingar og óstöðugleika. Eins og kom fram í sögukaflanum hér að ofan voru gríðarhraðar og miklar sviptingar í pólitík á þessum árum í Kína og Ólafur og fjölskylda lentu gjarnan í miðjum átökum. Hann var mjög ötull í starfi alla tíð eftir heimkomu til Íslands 1937 og gegndi hér mörgum og margvíslegum störfum. Einnig kynnti hann fyrir áheyrendum þau störf sem unnin hefðu verið í Kína og átti þannig ríkulegan þátt í að vekja áhuga Íslendinga á Kína (Jón Guðnason og Pétur Haraldsson, 1967).

3.2 Oddný Erlendsdóttir Sen

Oddný E. Sen ólst upp á Breiðabólssstöðum á Álftanesi í lok 19. aldar. Faðir hennar Erlendur Björnsson sótti sjóinn og sá fjölskyldu sinni þannig fyrir nauðsynjum, en móðir hennar María Sveinsdóttir var húsfreyja og gegndi öllum erfiðisverkum sem því fylgir. Áður en Oddný flutti alfarið frá Breiðabólssstöðum voru systkinin fjögur: Oddný, Jakob, Stefanía og Björn (í aldursröð). Öll systkinin unnu að heimilisverkum eftir fremstu getu, eins og tíðkaðist þá á íslenskum heimilum, en Oddný var öðruvísi. Vorið 1903 gaf henni Guðlaug, föðursystir hennar, hnattlíkan sem rúmaðist í lófa hennar. Með heiminn í hendi sér starði Oddný löngum stundum á líkanið og lét sig dreyma um fjarlæg lönd og ævintýri, en þessi mikla ævintýraþrá átti eftir að fylgja henni alla ævi. Oddný hafði yndi af lestri og státaði sig af afa sínum Bóka-Birni, föður Erlendar, sem

eitt sinn hafði átt mikið bókasafn. Amma Oddnýjar Erlendsdóttur var Oddný Hjörleifsdóttir, sem var gift Birni Björnsyni, og þau keyptu Breiðabólstaði til helmings á móti Friðriki nokkrum hreppstjóra. Oddný Hjörleifsdóttir hafði neyðst til að selja bækurnar úr ættinni þegar Bóka-Björn lést til að eiga í börnin sín og á. Oddný Erlendsdóttir þreyttist aldrei á að heyra sögur af afa sínum og svo virðist sem hún hafi hlotið bókaástina í vöggugjöf. Öllum sínum frítíma varði hún til lesturs ýmiss konar bóka og ekkert var henni óviðkomandi. Þessi hegðan hennar gerði föður hennar vitaskuld gramt í geði, enda var manneskja sem lá yfir bókum álitin einungis letingi og ónytjungur.

Guðlaug sagði Oddnýju frá Þóru Grímsdóttur Melsteð, eiginmanni hennar Páli, og fröken Zahle, stórhuga konu frá Danmörku. Þóra og Páll stofnsettu Kvennaskóla Reykjavíkur árið 1874. Þóra hafði orðið fyrir miklum áhrifum frá fröken Zahle, kvennabaráttukonu í Danmörku, sem stofnsetti skóla fyrir stúlkur sem gátu litla björg sér veitt. Þóra og Páll nutu stuðnings fröken Zahle og hefði Kvennaskólinn ekki orðið að veruleika ef ekki hefði komið til hennar kasta. Þessi frásögn hrærði við Oddnýju sem taldi stöðu kvenna á Íslandi vera ábótavant. Henni fannst því mikið til Þóru Melsteð koma og ákvað að ekki dyggði minna en að ganga í Kvennaskóla Reykjavíkur. Oddný átti í erfðileikum með að fá foreldra sína, einkum föður sinn, til að skilja að ef hún færi í Kvennaskólann gæti hún þénað vel sem skólastýra eða kennari. Hennar líf skyldi vera á Álftanesi, ansaði hann, annað væri vitleysa. Með dyggri aðstoð Guðlaugar föðursystur sinnar tókst henni að sannfæra foreldra sína að kosta nám í Kvennaskólanum og flutti hún til Reykjavíkur haustið 1903. Þó svo að menningarlífið í Reykjavík á þessum tíma

var harla ólíkt því sem þekktist í dag var það á allan hátt frábrugðið því sem Oddný þekkti úr sveitinni og nú var ekki aftur snúið (Oddný Sen, 1997).

Eftir ár sín í Kvennaskólanum sótti hún kennaranám í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði, þaðan sem hún útstkrifaðist 1908. Þar kynntist hún ungum manni, Jóni Vestdal, og þau trúlofuðust á laun það sama ár. Harmurinn var hins vegar ekki langt undan og Jón lést í Hvalfirði í vonskuveðri þegar hann var þar við vísindastörf. Þessi atburður skildi eftir djúp sár í huga Oddnýjar og minningin um Jón og sakleysið sem ríkti á þeim tíma fylgdi henni alla tíð. Ári síðar hélt hún til Leith í Skotlandi og var bókari hjá G. Gíslason & Hay Ltd. á árunum 1909-17 (Jón Guðnason, 1976). Í Edinborg kynntist hún svo ungum kínverskum menntamanni, Kwei Ting Sen að nafni, og Oddný kolféll fyrir þeirri framandi menningu sem hann kynnti fyrir henni. Oddný hreifst jafnt af honum og Kína, en Kwei Ting var af efnuðum ættum og hafði tekið margt sérkínverskt meðferðis til Edinborgar frá heimaslóðum sínum. Þess má geta að Kwei Ting og fjölskylda hans hafði dálæti á Sun Yat-sen, byltingamanninum sem ásamt flokki sínum steypiti keisaraveldinu af stóli árið 1911 og reyndi að koma á fót lýðræðisríki (Oddný Sen, 1997). Því var herbergi hans Kwei Tings sannarlega fjársjóðskista fyrir svo þekkingarþyrst fólk eins og Oddný var. Þannig fór að þau tóku saman, eignuðust son og giftu sig árið 1917. Soninn skírðu þau Erlend Ping Hwa, í höfuð föðurs Oddnýjar, og þau höfðu ákveðið að flytja til Kína að stríðinu loknu, en það dróst til 1922 (Oddný Sen, 1997). Í millitíðinni dó Oddný ekki ráðalaus og lagði stund á bókmenntasögunám við Heriot-Watt College í Edinborg frá 1920-21 (Jón Guðnason, 1976).

Loks árið 1922 komu þau til Amoy, sem í dag nefnist Xiamen 廈門, en það var heimaborg Kwei Ting. Þar sem hann var af efnuðum ættum voru hús og lóð með

glæsilegasta móti. Garður og herbergjaskipan voru í hefðbundnum stíl, sem og innan veggja heimilisins. Þegar fjölskyldan kom til Amoy var faðir Kwei Tings nýlátinn og heimilislífið því í lamasessi. Jarðarför föður hans fór fram samkvæmt hefðbundum konfúsískum hætti með tilheyrandi athöfnum og atferli. Oddný var sannarlega komin til hins hefðbundna Kína og á mjög skömmum tíma sá hún mann sinn breytast í dygga soninn sem nú varð að taka við heimilinu í föðurstað. Oddnýju og tengdarmóður hennar kom brátt illa saman enda var nánast eins og eiginmaður hennar hafi horfið af yfirborði jarðar. En lífið gekk sinn vanagang og Oddný reyndi hvað hún gat að aðlagast þessu framandi umhverfi. Kwei Ting varð prófessor við Háskólann í Amoy og vann hart að því að komast í sambærilega stöðu við háskóla í Shanghai. Sá hryllingur gerðist þegar sonur þeirra hjóna, Erlendur, var aðeins 6 ára gamall að óður hundur réðst á hann og beit svo hann lést skömmu síðar úr hundaeði. Oddný varð frá sér numin af sorg og í marga mánuði lá hún í angist í herbergi sínu og vildi varla nærast, en smám saman tókst henni að ná sér eftir áfallið. Við þetta versnaði samband þeirra Kwei Tings enn frekar og svo virðist sem þau hafi á þessum tímamarki litið á hvort annað sem vinir í sama húsi, því ekki sváfu þau í sama herbergi. Kwei Ting stundaði fjárhættuspil um nætur og vann að stöðu sinni í Shanghai, sem henn fékk að lokum og varð þá enn minna heima fyrir. Í endurhæfingarferli sínu varð Oddný að standa alveg á eigin fótum og þannig kynntist hún búddískri heimssýn og heimspeki betur. Hún fór einnig að verja tíma sínum með öðrum vestrænum konum sem margar hverjar kunnu að lifa afslöppuðu lífi og kínversk menning tók að vera henni æ merkingarbærari. Við það tók sambandið við tengdamóður hennar að skána með tímanum, sem og samband hennar við aðra íbúa hússins. Þó svo að menningarbilið yrði alltaf til staðar hafði Oddný nú lært að skilja menningu hins

hefðbundna kínverska heimilis og samfélags, en þrátt fyrir það var samband hennar við Kwei Ting orðið svo slæmt að þau gátu enga björg því veitt. Þau skildu árið 1936 og tveim árum síðar var Oddný komin aftur til Íslands (Oddný Sen, 1997).

Þannig var nú komið fyrir hinu hefðbundna Kína, um það leyti sem Oddný og fjölskylda fluttu til Amoy, að vestræn gildi höfðu náð þó nokkurri fótfestu og var það því á hverfanda hveli. Þeir sem enn lifðu samkvæmt hefðum, t.d. þeir sem voru efnaðir eins og fjölskylda Kwei Ting, áttu eins og gefur að skilja erfitt með að kyngja þessum breytingum og litu því útlendinga enn tortryggjari augum en áður. Oddný fékk oft að heyra að hún væri „útlendur djöfull“, meðal annars frá tengarmóður sinni. Það er ansi kaldhæðið að maðurinn sem þrýsti þessum breytingum úr vör, hafði hugsjónina fyrir nýtt Kína, er einmitt sá sem var í miklu uppáhaldi hjá Kwei Ting og föðurbróður hans, sjálfur Sun Yat-sen. Hingað til hafði það yfirleitt verið vestrænn ráðamaður sem reyndi að koma vestrænni menningu fyrir í Kína, og hafði þar af leiðandi lítið vald og lítinn mannafla. Innreið vestrænnar menningar, með tækninýjungum, viðmiðum og gildum sínum, tók loks kipp eftir byltinguna 1911. Ástæðan var sú að nú voru það Kínverjar sjálfir sem höfðu mannaflann og vestræna menntun sem tóku völdin. Þeir vildu breyta Kína og gerðu það.

3.2.1 Ævintýralandið

Þegar Oddný var komin heim til Íslands bjó hún bók sína *Kína: Æfintýralandið* til prentunar og hún var gefin út árið 1941. Bókin er tæplega 150 síður og hefur að geyma margvíslegan fróðleik um Kína. Hún er raunar stórmerkileg fyrir þær sakir að hún tekur á öllu frá jarð- og landfræðilegum upplýsingum til lýsinga á dýrum og jurtum,

framleiðslu, fólksháttum, sögu, tungu, fræðimálum, fjölskyldu, stöðu kvenna, hjátrúar og trúarlífs. Oddný var vissulega fyrsti Íslendingurinn sem bjó til svo fræðilegt rit um Kína af eigin hendi og mætti því kalla hana fyrsta íslenska kínafræðinginn. Í þokkabót er bókin mjög aðgengileg og auðlesin. Oddný fékkst einkum við kennslustörf, m.a. í Kvinnaskóla Reykjavíkur, skrifaði ritgerðir og hélt fyrirlestra (Jón Guðnason og Ólafur Þ. Kristjánsson, 1965). Einnig hélt hún gjarnan sýningar á þeim munum sem hún fékk með sér frá Kína, en Kwei Ting hafði gefið henni margt úr húsi fjölskyldunnar við skilnað þeirra. Þegar á heildina er litið hefur hún því sennilega verið sá Íslendingur sem mest hefur lagt af mörkum við útbreiðslu fræðilegrar þekkingar á Kína á síðustu öld.

Æfintýralandið hefur margt að geyma, sígilda þekkingu sem og úrelta hugmyndafræði, en dæmi um hið síðarnefnda verður rakið hér. Hugmyndir um félagsdarwinisma skutu rötum í Kína upp úr aldamótum 1900 í framhaldi þýðingar Yan Fu 严复 á bók Thomas Huxley (*Evolution and Ethics* 1893), sem hét *On Evolution* eða *Um þróun*. Yan Fu hafði bætt túlkunum sínum inn í þýðinguna, sem báru þjóðernissinnaðan blæ, og hún hafði mikil áhrif á fræðimenn þessara ára. Það voru þessar hugmyndir sem gáfu fræðimönnum efni til að ræða og skrifa um kínverska kynþáttinn, en slík „fræði“ voru vissulega talin góð, gild og þörf (Spence, 1999, bls. 290-294). Á þessum árum voru félagsfræðilegar útlekkingar Herberts Spencer á þeirri kenningu Charles Darwin að „hinir hæfustu lifa af“ mikið umhugsunarefni sem ól af sér „kynþáttafræði“, en varla tók að draga úr slíkum vangaveltum fyrr en hryllileg meðferð nasista á gyðingum að seinni heimsstyrjöldinni lokinni varð heimsbyggðinni ljós. Oddný hafði sitt að segja um kínverska kynþáttinn í bók sinni: „Norður-Kínverjar eru sýnilega ljósari og stórvaxnari en Suður-Kínverjar. Það fer varla hjá því, að mikið germanskt eða ariskt blóð rennur í

æðum Norður-Kínverja. Og mjög margir fræðimenn eru nú þeirrar skoðunar, að enginn mongólskur kynþáttur sé í raun og veru til.“ (Oddný E. Sen, 1941, bls. 35) Þessi klausa kann að vera þyrnir í augum fólks nú á dögum, en hún sýnir jafnframt að Oddný var barn síns tíma og að þá þótti eðlilegt og æskilegt að tala um yfirburði ákveðins kynþáttar manna. Ljóst er að bókin var skrifuð þegar þessi hugmyndafræði þótti sjálfsgöð og jafnvel vísindaleg, en í dag ekki einungis röng og óréttlát, heldur beinlínis hættuleg.

Í trúarlífkafla bókarinnar segir Oddný frá þeim trúarbrögðum sem fyrirfinnast í Kína, þar með talin kristni. Hún spáir því að kristni muni eiga erfitt uppdráttar þar, en skyldi það gerast þá verði það kristni með kínverskum einkennum, því ekki munu Kínverjar loka á hefðir sínar og trúarbrögð (bls. 102-103). Þetta svipar nokkuð til þess hvernig kínverskir stjórnáamenn vísa til stjórnarháttanna Kínverska alþýðulýðveldisins sem sósíalisma með kínverskum einkennum. Það er vert að vitna hér í síðustu orð trúarlífkafla *Æfintýralandsins*:

Það er yfir höfuð einkennilegt við Kínverja, að þeir umbreyta sérhverju því, sem þeir vilja nýta af vestrænum nýjungum, er þangað berast, og samræma það kínverskum þjóðaranda. Hver veit, nema eitthvað líkt gæti átt sér stað um kristnina. Kristnin á því aðeins nokkra framtíð í Kína, að Kínverjar sjálfir taki útbreiðslu trúarinnar í sínar hendur. Það kann að virðast svo, sem kristnin eigi við ramman reip að draga í Kína, og að kristnum Kínverja sé óviðráðanlegt viðfangsefni. En á hinn bóginn mætti benda á það, að Kínverjar eru mjög frjálsslyndir og umburðarlyndir í hvívetna, og mun þó frjálsslyndi þeirra hvergi meira en um þau efni, er að trúmálum lúta. (Oddný E. Sen, 1941, bls. 103)

Útbreiðsla kristni myndi þá gerast aðeins ef nógu margir Kínverjar tækju upp á því sjálfir, rétt eins og útbreiðsla vestrænnar menningar og gilda átti sér stað undir Sun Yat-sen. Hún segir jafnframt að menn geti verið konfúsíanistar, búddistar og daóistar allt í

senn, en rauði þráðurinn í þeim öllum sé forfeðradýrkunin og því sé það eina raunverulega trú Kínverja (bls. 98).

Þessi nálgun á kínverska menningu var sannarlega öðruvísi en sú sem Ólafur og aðrir trúboðar aðhylltust. Ef ekki hefði verið fyrir óseðjandi vilja Oddnýjar til þess að læra og vita meira má ætla að Íslendingar væru mun fáfróðari um þetta mörg þúsund ára gamla menningarsamfélag. Spá Oddnýjar um afdrif kristni í Kína reyndist rétt, því enn hefur kristni ekki náð mikilli útbreiðslu á meðal almennings. Undanfarna áratugi hefur kristni í Kína hins vegar sótt í sig veðrið, einkum kristin mótmælendatrú, en vikið verður að þeim málum í næsta kafla.

4. Kristni í Kína

Kristnir menn hafa stundað trúboð í mörg hundruð ár víðsvegar um heim, þar með talið í Kína. Slík hefur verið sannfæring þeirra að kristni sé sannleikurinn og réttari en öll önnur trúarbrögð (og þ.a.l. aðrir siðir og venjur) að kristniþóðar starfa enn í Kína. Athygli vekur að á síðustu tveimur áratugum hefur kristni tekið kipp þar eystra og að „nú til dags, á hverjum sunnudegi má segja með vissu að fleiri áhangendur mótmælendatrúar séu í kirkju í Kína en í allri Evrópu“ (Yip, 2006, bls. 175). Allar götur síðan Matteo Ricci var í Kína, frá seinni hluta 16. aldar, hafa kristnir menn bæði reynt að „bjarga“ Kína andlega og vitsmunalega. Með þetta markmið í huga hafa vestrænir ráðamenn, allt síðan á 16. öld, reynt að hafa áhrif á stjórnarhætti í Kína með því að koma sér í mjúkinn hjá valdhöfum. Sumum þeirra fannst ekkert til vestrænnar heimssýnar og kristni koma á meðan öðrum fannst hún áhugaverð, en þó yfirleitt ekki mikið meira en það (Spence, 1980). Vegna þess að Kína býr að svo ríkri og langri

menningarsögu voru hefðir þess og siðir ansi vel grónir, svo það var í raun ekki fyrr en menningunni sjálfri var bylt af Kínverjum á árunum eftir 1911 að vestrænn hugsunarháttur, hugmyndir, stjórnskipan, tækni og svo framvegis, náði mikilli dreifingu og festu. En kristnin sjálf virtist ekki ætla að ná sömu fötfestu á meðal fólksins, þrátt fyrir þessar miklu breytingar eftir byltinguna. Það stöðvaði hins vegar ekki áframhaldandi björgunaraðgerðir trúboða á fyrri hluta 20. aldar og þar létu Íslendingar sig ekki vanta.

Í ljósi trúboðsstarfa Ólafs í Kína er vert að stikla á stóru í sögu kristnitrúboðs þar. Fyrsta trúboðið var raunverulega á vegum nestóríks munks að nafni Alopen. Nestóríus var sýrlenskur munkur sem varð æðstur munka í Konstantínópel og mótmælti því að María mey væri kölluð „móðir Guðs“. Sá var gerður útlægur árið 431 e.kr. og dó í Egyptalandi 20 árum síðar, en áhrifa hans gætti áfram í austur-sýrlensku kirkjunni, einnig þekkt sem persneska kirkjan. Alopen ferðaðist á silkiveginum og kom til Chang'an 长安 árið 635 á tímum Tang keisaraveldisins 唐代 þar sem keisarinn Taizong 太宗 lét meira að segja reisa nestóríska kirkju. Á þeim tíma var kínverska heitið yfir nestórísku trúna *jingjiao* 景教 (hin upplýsandi kenning) og að mestu notast við búddísk hugtök til þess að útskýra guðfræðina. Miklar breytingar urðu þegar Tang keisarinn Wuzong 无宗 komst til valda, því hann bannaði búddisma og önnur utanaðkomandi trúarbrögð. Þær ofsóknir náðu hámarki um árið 845 og gerði að mestu út um nestóríska kristni. Hún náði hins vegar flugi á ný undir mongólska keisaranum Kublai Khan 忽必烈 á Yuan tímabilinu 元代 (1279-1368), því ættbálkar í Mið-Asíu höfðu tekið hana upp á sína arma þegar hún var bönnuð. Svo vildi til að einn þessara ættbálka var ættbálkur móður Kublai Khan, Sorkaktani, og var þessi tegund kristni því vel liðin í

höfuðborginni Khanbaliq, sem í dag nefnist Peking (Yip, 2006, bls. 176). Á Yuan tímanum komu einnig til landsins Marco Polo (sumir draga það reyndar í efa) og John af Montecorvino, en hann var fransiskus munkur og þar með talinn fyrsti kaþólski trúboðinn í Kína. Þegar Ming veldið 明代 (1368-1644) var stofnað voru Mongólarnir reknir úr landinu og nestórísk og kaþólsk kristni hurfu (bls. 178).

Næst komu jesúítar, eða kristmunkar, og voru þeir fyrstir til að koma á nánast óslitnu kristniboðsstarfi í Kína. Matteo Ricci var í broddi fylkingar og frá því á seinni hluta 16. aldar var hann ötull kristniboði þar í landi. Hann varð jafnframt sá fyrsti sem fékk menn innan keisarahirðarinnar til þess að játa kristni (bls. 178). Ricci bjó í Kína frá því u.þ.b. 1583 þar til hann lést árið 1610 og dáðist að ríkulegri menningu og heimspeki kínversku þjóðarinnar (Fairbank og Goldman, 2006, bls. 132-133). Hann hafði reynt að snúa óbreyttum borgurum til kristni, en þegar það bar lítinn árangur ákvað hann frekar að fylgja þeirri vísu sem höfð er eftir Konfúsíusi að „eftir höfðinu dansa limirnir“ og snúa þeim sem stjórnðu landinu; ef stjórnendur landsins yrðu kristnir myndi þjóðin fylgja í kjölfarið. Með því að læra klassíska kínverska heimspeki og sýna færni sína í stjórnufræði gat Ricci klifið metorðastigann, fengið dvalarleyfi í Peking, snúið mörgum háttsettum embættismönnum til kristni og tryggt fleiri jesúítum búsetuleyfi í Peking um ókomna tíð. Fyrir honum og öðrum jesúítum áttu kristni og konfúsíanismi sannarlega samleið. Það viðhorf breyttist með komu dómíníkana og fransískana til Kína en þeir litu á konfúsíanismi sem goðadýrkun (Yip, 2006, bls. 178). Þessi kristniboðsaðferð Riccis kom yfirvöldum í Evrópu hins vegar spáskt fyrir sjónir, en mörgum fannst hann þó hafa sitthvað til síns máls. Í skrifum sínum tjáði Ricci meðal annars þá staðreynd að erfitt reyndist að sannfæra kínverska embættismenn og menntamenn (mandarína 官) um

að hugmyndir útlendinga væru þess virði að skoða og að þeir gætu lært margt af kristinni trú og evrópskum vísindum. Fyrir kínversku hástéttinni var hver útlend þjóð þeim óæðri, viðhorf sem var svo sannarlega gagnkvæmt, og þess vegna gekk leiðangur Ricci brösuglega (Spence, 1980, bls. 5-7).

Annar jesúíti, Adam Schall, hreifst af aðferð Riccis, sótti um að fara til Kína og kom til Peking í ársbyrjun 1623. Hann tók að stunda stjörnufræðirannsóknir í þeirri von að vekja forvitni Kínverja á aðferðum hans og þannig vinna sér traust embættismanna. Eftir því sem árin liðu virtist aðferðin ganga og Schall komst æ nærri háttsettustu embættismönnum Ming keisaraættarinnar, þar á meðal keisaranum sjálfum. Schall vann ýmis verk fyrir Ming keisarann, þar á meðal að steypa hand-fallbyssur úr málm, stunda stjörnufræðilega reikninga og, það sem mikilvægast var, reikna nákvæmt dagatal sem stjórnvöld gátu notfært sér. Í apríl árið 1644 urðu draumar hans úti þegar Mansjú hersveitir, sem höfðu geysað norður af Peking um nokkurt skeið, hertóku Peking og síðasti Ming keisarinn framdi sjálfsmorð. Þau miklu vísindalegu verkefni sem Schall hafði unnið að í 21 ár urðu að engu. Allan þennan tíma hafði Schall jafnframt vanrækt upphaflegu skyldu sína, að mati páfagarðs, sem var að boða kristna trú. En tilgangurinn helgaði meðalið og Schall hélt ótrauður áfram með fyrri áform um leið og hinir nýju herrar Pekingborgar, Qing keisaraættin, höfðu komið sér fyrir. Þar sem Schall hafði orðið nokkuð frægur fyrir störf sín við tímatalsstofnun fyrrum keisaraveldisins, var ekki erfitt fyrir hann að sannfæra nýja keisarann um að störf hans væru þörf í þágu ríkisins. Keisarinn skipaði því Schall formann stjörnufræðistofnunarinnar, sem gerði hann að opinberum starfsmanni Qing keisaraveldisins. Schall lýsti því í bréfi frá 1651 að þrátt fyrir þessa stöðuhækkun fyndist honum áætlunarverk sitt ganga of hægt eða nánast ekki

neitt. Um og eftir árið 1655 horfði til betri vegar því keisari Qing veldisins sýndi Schall og kristni mikinn áhuga, en um árið 1658 þegar Schall varð ágengari, tók áhugi keisarans að dvína. Í kjölfarið fylgdu bitur átök annarra kristniþóða, sem voru ósammála aðferðum Schalls, og hástéttarmanna Qing. Dauði keisara Qing veldisins árið 1661 var svo síðasti naglinn í kistu Schalls og hann var kærður fyrir landráð af kínverskum embættismönnum árið 1664. Hann var að lokum dæmdur í stofufangelsi á heimili sínu í Peking og lést þar árið 1666 (Spence, 1980, bls. 8-22).

Eftir þessi ævintýri Riccis og Schalls, og raunar fleiri kristniþóða, var páfanum sjálfum stillt upp á móti keisara Kína (Fairbank og Goldman, 2006, bls. 222). Kangxi 康熙 varð keisari Kína árið 1661 og hafði jesúíta í hirð sinni sem unnu við stjörnufræðistofnunina. Árið 1692 tilkynnti hann að kristni væri leyfð, svo lengi sem kristnir Kínverjar mættu stunda konfúsískar borgaralegar athafnir samhliða kristnum trúarathöfnum. Jesúítar tóku vel í þetta, enda hafði Ricci sjálfur verið þessarar skoðunar, en aðrir kaþólskir trúþóðar voru þessu ósammála. Klementínus ellefti páfi sendi samningamann til Kína árið 1705 og niðurstöður þeirra viðræðna voru að samningamaður páfa bannaði kaþólikkum að samþykkja skilyrði Kangxi keisara. Eftir það voru dóminikanar og fransiskanar gerðir útlægir í Kína (Spence, 1999, bls. 71-72). Það endaði með banni kristinnar trúar árið 1724, en því var að mestu lyft rúmri öld síðar, eða árið 1846, fyrir tilstilli Frakka. Á árunum 1860 til 1900 óx svo trúþóðshreyfingum fiskur um hrygg, einkum vegna fyrrnefndra sáttmála sem vesturveldin höfðu knúið kínversk stjórnvöld til að samþykkja á þessum árum. Árið 1894 var um hálf milljón manna innan kaþólsku kirkjunnar og um árið 1900 höfðu rúmlega 100 þúsund manns tekið mótmælendatrú, en það reyndist aðeins dropi í

fólksfjöldahaf Kína (Fairbank og Goldman, 2006, bls. 222-223). Hæfni mótmælendatrúboða til stofnanavæðingar var hins vegar mikil og almenningsskólum og heilsugæslustöðvum var komið á legg sem Kínverjar gátu svo sjálfir rekið. Um aldamótin 1900 voru einnig margir kínverskir umbótamenn hlynntir kristni, því þeir voru gjarnan þeirrar skoðunar að „hin heilaga þrenning iðnvæðingar, kristinnar trúar og lýðræðis virtist vera leyndardómurinn að baki velgengni vesturheims og besta leiðin til að bjarga Kína.“ (Fairbank og Goldman, 2006, bls. 224) Þar á meðal var hinn víðfrægi og áður nefndi Sun Yat-sen, en hann hafði tekið kristni. Af þeirri ástæðu höfðu margir bandarískir trúboðar verið fylgjandi byltingunni árin 1911-12. Til dæmis varð Woodrow Wilson, þáverandi Bandaríkjaforseti, svo hræður þegar nýja kínverska þingið kom saman í apríl 1913 og Yuan Shikai bað bandaríska mótmælendur að biðja fyrir Kína að hann staðfesti þá þegar diplómátísk tengsl landanna (bls. 278). Í október 1930 bættist svo eftirmaður Sun Yat-sen, Chiang Kai-shek, í hópinn þegar hann tók skírni í Shanghai. Kona hans, Soong Meiling 宋美齡, hafði útskrifast úr Wesley College í Massachusetts og hafði því veruleg tengsl til Bandaríkjanna og eftir skírni Chiangs giftu þau sig í annað sinn og hétu að helga lífi sínu kristilegum gildum. Í kjölfarið elfdist sú jákvæða mynd sem Bandaríkjamönnum hafði birst af honum (Spence, 1999, bls. 361).

Háskólar efldust til muna og sem dæmi má nefna að á árunum 1909-1929 útskrifuðust 1.268 nemendur frá Qinghua Háskólanum 清华大学 í Peking. Í skólunum var kristnum gildum og þekkingu haldið á lofti og með vaxandi þjóðernishyggi jókst þrýstingur frá nemendum til að byggja og efla slíkar stofnanir. Miklar framfarir urðu einnig á sviði læknávisindanna þegar aðilar eins og Rockefellerstofnunin lögðu fé í ýmsa læknaskóla sem skjótt urðu mikilsvirtir. Einnig voru stofnsettar góðar

læknisfræðideildir fyrir konur, sem að mestu leyti voru reknar af kristnum háskólum, og við Yanjing háskóla 燕京大学 var rekin hjúkrunarkonubraut. Á þriðja og fjórða áratug 20. aldar höfðu umsvif Bandaríkjanna aukist og trúboðsstarfið með. Það leiddi svo til stofnunar fleiri spítala og skóla, einkum háskóla (bls. 362-364). Vegna vaxandi þjóðernishyggju, sem einnig átti upp á pallborðið í Evrópu á þessum tíma, fóru raddir þeirra sem vildu halda í það sem telst kínverskt að hækka. Kristnir söfnuðir bættu gjarnan „hið kínverska“ fyrir framan heiti þeirra í æ meira mæli þegar nær dró miðri öld (Yip, 2006, 179). Fjölmargir mótmælendakirkjusöfnuðir voru háðir fjármagni vestrænna trúboðssamtaka. Hluti kínverskra mótmælendasöfnuða stóðu hins vegar á eigin fótum og á 5. áratugnum voru í þeim 20-25% allra kínverskra mótmælenda (bls. 180). Árið 1949 voru kristnir söfnuðir neyddir til þess að slíta tengslin við vestrið og verða föðurlandssinnaðir og sjálfstæðir and-heimsvaldasinnar. Við þetta varð til svokallaða „þrjú-sjálfr föðurlands-samtökin“ 中国基督教三自爱国运动委员会 (e. the Three-Self Patriotic Movement, TSPM), sem urðu opinber milliliður ríkisins og mótmælendakirkna eftir 1954 (bls. 181). Þessi samtök eru í raun ein af tveimur mótmælendakirkjum sem kínversk stjórnvöld leggja opinberlega blessun sína yfir, en hin nefnist Kínverska kristniráðið 中国基督教协会 (e. the China Christian Council).

Opinber fylgni við mótmælendatrú fór ört minnkandi á 6. áratugnum og á tímum menningarbyltingarinnar hvarf stofnavædd trúariðkun með öllu. Fólk hittist þó á laun á meðan byltingunni stóð en það var grundvallarástæða fyrir mikilli grósku slíkra trúfélaga og trúariðkunar að henni lokinni (bls. 182). Trúfélögin voru því komin á skrið upp úr 1980 þegar umbætur Deng Xiaoping 邓小平 voru að taka gildi. Í dag viðurkennir Alþýðulýðveldið fimm trúarbrögð: daoisma, búddisma, islam, kaþólska

kristni og mótmælendatrú (bls. 183). Í þessu samhengi er vert að vísa í opinbert viðhorf kínverskra stjórnvalda til trúarbragða:

Þótt trúarlegar athafnir innan fjölskyldunar séu liðnar, mega mótmælendatrúar ekki safnast saman til tilbeiðslu á heimilum, þó ætti ekki að banna það stranglega. Glæpsamlegt og andbyltingasinnað athæfi í gervi trúarbragða skal bælt. Öll föðurlandssinnuð trúarsamtök (þar með talin þrjú-sjálfs föðurlandssamtökin) ættu að fylgja flokkinum og ríkisvöldum og ættu að aðstoða þau í ræktun stefnuákvæða sem tengjast trúarbrögðum. (Yip, 2006, bls. 183-184)

Sem dæmi um getu stjórnvalda til þess að hagræða skilgreiningum sér í hag, má nefna að árið 2000 skilgreindi aðlöðuöryggisráðuneytið (e. Ministry of Public Security) fjórtán mótmælendasöfnuði sem sértrúarsöfnuði með því að notast við skilgreiningu sem upphaflega var gerð til þess að leysa upp Falun Gong 法轮功 (bls. 184). Sú skilgreining byggist á skjali sem ríkisvaldið gaf út og enn er litið til þegar kemur að útskýringum á trúarbragðatengdum ákvæðum. Skjalið kom út í mars 1982 og nefnist „Skjal 19“. Í því er bælingu trúarbragða hafnað og þannig gátu kristnir söfnuðir aukið fylgi sitt í meira mæli en áður hafði tíðkast. Hins vegar er greinarmunurinn sem gerður er á „eðlilegri“ trúariðkun og „óeðlilegri“ fremur óskýr og þannig getur seinni gerðin verið löglega bæld (Bays, 2012, bls. 190). Eftir 1980 hafði Kommúnistaflokkurinn fremur lítinn áhuga á því hverju fólk trúði, svo lengi sem það ógnaði ekki yfirráðum ríkisins. Í þessu samhengi er kristni talin heldur meinlaus, en íslam eitt helsta vanda málið vegna fjölda múslima í hinu pólitískt viðkvæma Xinjiang 新疆 héraði (bls. 188).

Í dag eru fjölmargir söfnuðir innan mótmælendakirkjunnar sem eru óskráðir hjá TSPM og teljast þá til sértrúarsöfnuða. Mikil gróska í þeim varð á 9. áratug síðustu aldar og svo vill til að tvö stærstu samtökin, sem hver um sig er yfirbygging margra

smærri söfnuða, voru í suðurhluta Henan, héraðinu sem Ólafur starfaði í. Þetta eru Kínverska guðspjallsfélagið, eða „grátarar“ (*kupai* 哭派), og Fangcheng kirkjan. Leiðtogar þeirra beggja hafa orðið fyrir áreiti frá stjórnvöldum og verið stungið í fangelsi við og við. Margir söfnuðir sem eru mun fámennari en Fangcheng og Kínverska guðspjallsfélagið eru heldur róttækari. Sumir þeirra hafa verið ásakaðir um að stunda ýmiss konar glæpsamlegt athæfi og því taldir raunverulega hættulegir. Þar má nefna sérstaklega „Eldinguna úr Austri“ 东方闪电 (e. the Lightning out of the East) og „Þrjú stig þjóna“ 三班仆人 (e. the Three Grades of Servants) sem hafa verið bendlaðir við morð, líkamsmeiðingar, mannrán og fjárkúgun. Allmargir þessara smærri söfnuða eru enn starfandi í dag og hafa innan sinna raða nokkrar milljónir meðlima (Bays, 2012, bls. 195-196). Kristni fræðimaðurinn Tan Yi telur líklegast að á 21. öldinni muni kristni verða menningarkimi í kínverskri siðmenningu, en ekki missa vestræna eiginleika sína (Ying, 2011, bls. 166). Búast má við að fylgi kristni muni aukast, en Kína er þó alls ekki að verða kristin þjóð (Bays, 2012, bls. 204-205)

5. Niðurlag

Athyglisvert er að skoða Ólaf og Oddnýju í þessu kínverska samhengi, því forsendur ferða þeirra til Kína voru í grundvallaratriðum afar ólíkar: hann var trúboði en hún var fræðimaður og spekúlant. Þau bjuggu einnig hvort á sínum staðnum í Kína, Ólafur í litlu þorpi í Henan og Oddný í hinni nútímalegu og sögufrægu borg Xiamen. Ólafur hafði að mestu samskipti við tiltölulega fátækt og ómenntað fólk, sem trúboðunum fannst þeir þurfa að frelsa og leitaði líklega frelsunar. Oddný var hins vegar umkringd menntuðu yfirstéttarfólki í borginni sem almennt var stolt og hafði sterka sjálfsmynd. Þetta hafði

áhrif á ólík viðhorf þeirra til lands og þjóðar og þannig upplifðu þau, ef svo má segja, ekki einu sinni sama landið. Ólafur upplifði stríð og mikla samfélagslega óreiðu af fyrstu hendi við trúboðun. Oft blasti við honum sá hryllingur sem því fylgir, mannvonskan og vonleysið, og leikur enginn vafi á því að það hafi haft mikið að segja um hvernig Kína kom honum fyrir sjónir. Hann taldi einnig að það góða í okkar samfélagi, svo sem menntun og heilbrigðiskerfi, sé því að þakka að kristni hafi verið hér þjóðtrú í 1000 ár. Vesturlönd, með kristni að leiðarljósi, skyldu því bjarga Kína úr myrkri fávískunnar. Barátta Oddnýjar var annars eðlis því raunir hennar snéru að harmleik innan fjölskyldunnar. Hún virðist ekki hafa verið trúrækin en varð áhugasamari um kínversk trúarbrögð eftir að fyrsti sonur hennar lést. Hún kom ekki til Kína með kristni í farteskinu, en hafði áhuga á annars konar breytingum á kínversku samfélagi. Eiginmaður hennar var menntamaður og tilheyrði þeim stóra hópi fræðimanna sem vildi breytingar í landi sínu. Þeir vildu nútímavæða Kína, veraldleg stjórnvöld og lýðræði, en halda í menningarræturnar. Oddný var þeim sammála og taldi fyrir víst að kínversk heimspeki og siðferðisritningar væru það sem byggja ætti samfélagið á.

Áætlað er að 13 milljónir Kínverja hafi verið mótmælendatrúar árið 1999, en að árið 2004 hafi þeir verið orðnir 16 milljónir, þar af 70% til sveita (Yip, 2006, 185). Svo virðist sem tilraunir til þess að leiða kristni inn í kínverskt samfélag í stóru samhengi hafi mistekist enn sem komið er og margt bendir til þess að sú mótmælendatrú sem Kínverjar stundi í raun sé ekki opinber útgáfa þess. Kirkjuvaldið (TSPM og Kínverska kristniráðið) predikar ekki ofstæksifulla útgáfu kristni og hefur ýmsum pólitískum skyldum að gegna, á meðan kirkjurnar og heimilin virðast stunda kristni sem líkist meira því sem fyrirfinnst í bandarískum hvítasunnukirkjusöfnum (bls. 197). Þar

tala menn tungum, hafa mjög mikla sannfæringu um trú sína og hneigjast nokkuð til bókstafstrúar. Svo virðist sem bræðingur mótmælendatrúar og hefðbundinna lífsviðhorfa og gilda skapist þegar Kínverjar taka mótmælendatrú, því margt er líkt með þeim (bls. 198). Eitt þeirra atriða er siðferðið, en líkindi á milli siðferðis kínverskrar mótmælendatrúar og þjóðlegrar hugmyndafræði eins og konfúsíanismi eru auðfundin. Sem dæmi má nefna að rannsókn í Anhui héraði 安徽 leiddi í ljós að hollusta við forelda var vinsælasta yrkisefni sálma og predikana (bls. 199). Kristni í Kína nútímans hefur sýnilega alla burði til þess að auka fylgi sitt og áhrif, þó að lítil prósentu Kínverja séu enn sem komið er opinberlega kristnir. En eins og í tilfalli svo margra annarra trúarbragða og hugmyndafræða sem komið hafa til Kína, t.d. búddisma, er alveg ljóst að það muni áfram vera kristni með kínverskum einkennum – eins og Oddný gerði ráð fyrir á sínum tíma.

Þáttur Oddnýjar og Ólafs í auknum samskiptum Íslands og Kína var mikilvægur. Oddný var til dæmis í farabroddi hvað varðar kynningu á menningu á fræðilegan hátt með útgáfu bókar sinnar og kenndi meðal annars í Kvennaskólanum í Reykjavík. Ólafur var einnig mjög ötull í starfi og kynnti það starf sem kristniboðarnir höfðu unnið þar eystra af miklum metnaði og fagmennsku. Þannig má segja að þau hafi brotið ísinn og hafið samræður við áður óþekktan heim. Hvor með sínum hætti upplýstu þau smáa þjóð um mikilvægi þess að horfa lengra en í garð nágrenns, að taka þátt í stærra samfélagi þjóða og horfa jafnt til vesturs og austurs. Hvað sem svo verður af kristni í Kína, eða samskiptum þjóðanna á milli, mun tíminn einn leiða í ljós.

Heimildaskrá

Ágúst Sigurðsson frá Möðruvöllum. (2004, janúar). Hún var bæði prestur og læknir.

Heima er bezt, bls. 21-24.

Árni Magnússon. (1945). *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk: 1753-1797*.

Björn K. Þórólfsson bjó til prentunar. Reykjavík: Heimdallur.

Bays, D. H. (2012). *A New History of Christianity in China*. Malden MA: Blackwell

Publishing Ltd.

Fairbank, J. K. og Goldman, M. (2006). *China: A new history* (2. útgáfa). Cambridge

MA: The Belknap Press of the Harvard University Press.

Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri). (1991). *Kristur og menningin: minningarrit um séra*

Jóhann Hannesson prófessor. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Jón Guðnason og Pétur Haraldsson. (1967). *Íslenskir Samtíðarmenn* (síðara bindi).

Reykjavík: Samtíðarmenn.

Jón Guðnason. (1976). *Íslenskar æviskrár: Frá landnámstímum til ársloka 1965* (6.

bindi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Oddný Sen. (1997). *Kínverskir skuggar*. Reykjavík: Iðunn.

Oddný E. Sen. (1941). *Kína: Æfintýralandið*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Ólafur Ólafsson. (1938). *14 ár í Kína*. Akureyri: Samband ísl. Kristniboðsfélaga.

Skapti Hallgrímsson. (2002, 12. júní). „Fólkið í Kína er að minna lagi að vexti,

dökkbrúnt í andliti með rakaðan skalla“. *Morgunblaðið*, bls. 8 C.

Spence, J. D. (1980). *To change China: Western advisers in China 1620-1960* (2.

útgáfa). New York: Penguin Books.

- Spence, J. D. (1999) *The search for modern China* (2. útgáfa). New York: W. W. Norton & Company.
- Ying, F. T. (2011). Mainland China. Í P. C. Phan (ritstjóri), *Christianities in Asia*. Chichester: Wiley-Blackwell.
- Yip, F. C. (2006). Protestant Christianity in contemporary China. Í J. Miller (ritstjóri), *Chinese religions in contemporary societies* (bls. 175-205). Santa Barbara: ABC-CLIO, Inc.

